



**219. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 23. janúar 2014 kl. 15:00.**

**Mættir: Lárus Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Jón Gestur Viggósson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.**

### **1. Tillaga SKÍ um þátttakendur á Vetrarólympíuleikunum í Sochi**

Lögð fram tillaga Skíðasambands Íslands um þátttakendur á Vetrarólympíuleikunum í Sochi í Rússlandi. Tillagan samþykkt. Þátttakendur á leikunum verða því eftirfarandi:

#### **Keppendur í alpagreinum:**

Brynjar Jökull Guðmundsson  
Einar Kristinn Kristgeirsson  
Helga María Vilhjálmsdóttir  
María Guðmundsdóttir

#### **Keppandi í skíðagöngu:**

Sævar Birgisson

#### **Fararstjórn og þjálfarar:**

Andri Stefánsson aðalfararstjóri  
Einar Þór Bjarnason flokksstjóri  
Birgir Gunnarsson þjálfari skíðagöngu  
Fjalar Úlfarsson þjálfari alpagreina  
María Magnúsdóttir sjúkráþjálfari

Að auki fara á leikana frá ÍSí Lárus L. Blöndal forseti, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, embættismenn stjórnar og formaður Afreks- og ólympíusviðs ÍSí.

### **2. Ólympísk málefni**

#### **Sochi 2014**

Rætt um hryðjuverkahótanir sem fram hafa komið í tengslum við leikana. Fylgst er vel með stöðu mála en ÍSí verður í samstarfi við aðrar Norðurlandþjóðir um öryggismál á leikunum.

#### **Nanjing 2014**

Lögð fram tillaga Afreksviðs um að Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og ólympíusviðs ÍSí verði aðalfararstjóri á Sumarólympíuleikum ungmenna í Nanjing í Kína í sumar.

Tillagan samþykkt.

Lögð fram tillaga Afreks- og ólympíusviðs ÍSí um að tilnefna Bjarka Benediktsson sem fulltrúa Íslands í verkefninu „Young Ambassadors“ í tengslum við leikana. Bjarni kemur

úr knattspyrnuhreyfingunni en landslið karla U-15 hefur tryggt sér þátttöku í leikunum, eitt liða úr Evrópu. Tillagan samþykkt.

### **3. Smáþjóðaleikar 2015**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning leikanna. Góður kynningarfundur var haldinn með mennta- og menningarmálaráðherra og borgarstjóra fyrir skömmu þar sem heimasíða leikanna var sett í loftið. Helga Steinunn kynnti kynnti einnig lukkudýr leikanna sem er fígúra með tilvísun í náttúru Íslands. Lukkudýrið mun verða kynnt fyrir almenningi síðar í undirbúningi leikanna.

### **4. Útbreiðslustyrkir**

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti tillögu að útbreiðslustyrk til sérsambanda og tillögu að útbreiðslustyrk til íþróttahéraða. Tillögurnar samþykktar.

### **5. Lottóskipting til sérsambanda ÍSÍ**

Gunnar Bragason kynnti tillögu að lottóskiptingu til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

### **6. Skipting ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ**

Gunnar Bragason kynnti tillögu að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda. Tillagan samþykkt.

Vakin var athygli fundarmanna á bókun í fundargerð Fjármálaráðs ÍSÍ er lýtur að umsýslugjaldi til ÍSÍ vegna Ferðasjóðs íþróttafélaga og Slysabótasjóðs.

Gunnar fór í lokin lauslega yfir Fjárlög Alþingis 2014 og framlög til íþróttastarfs.

Forseti þakkaði gjaldkera og framkvæmdastjóra fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki tillögum þessum.

### **7. Ferðasjóður íþróttafélaga**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði stöðu mála varðandi úrvinnslu umsókna í Ferðasjóð íþróttafélaga. Verið er að fara yfir umsóknir og sannreyna ferðir en stefnt er að því að leggja tillögu að úthlutun fyrir næsta fund framkvæmdastjórnar. Í leiðinni verður kynning á úthlutunarferlinu og reikniaðferðum fyrir nýja meðlimi í stjórn og til upprifjunar fyrir aðra stjórnarmenn.

### **8. Endurskipan Þríþrautarnefndar ÍSÍ**

Þríþrautarnefnd ÍSÍ hefur óskað eftir því að ÍSÍ endurskipi í nefndina. Samþykkt að eftirtaldir skipi Þríþrautarnefnd ÍSÍ:

Stefanie Gregersen formaður

Gísli Ásgeirsson

Sverrir Magnússon

Vignir Þór Sverrisson

Einar Kristinsson

Jens Kristjánsson

Halldór Gyða Matthíasdóttir

Oddur Kristjánsson

## 9. Heiðranir

ÍSí hefur borist tillaga frá HSK um að heiðra Benóný Jónsson og Anný Ingimarsdóttur með Silfurmerki ÍSí. Tillagan samþykkt. Merkin verða afhent á ársþingi HSK í mars nk.

Fimleikafélagið Gerpla hefur óskað eftir því að Jón Finnbogason fyrrverandi formaður félagsins verði sæmdur Silfurmerki ÍSí. Tillagan samþykkt. Merkið verður afhent á uppskeruhátíð félagsins á næstunni.

## 10. Fundargerðir

**Eftirtaldir fundargerðir lagðar fram og staðfestar:**

- 218. fundur framkvæmdastjórnar
- 29., 1. og 2. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Þróunar- og fræðsluviðs ÍSí frá 15. janúar
- 185., 186., 187. og 188. fundur Afrekssjóðs ÍSí  
Nýjar starfsreglur Afrekssjóðs ÍSí lagðar fram. Reglurnar samþykktar en með þeim fyrirvara að þær verði teknar fyrir á næsta fundi framkvæmdastjórnar.
- Laganefndar ÍSí frá 21. janúar
- Fjármálaráð ÍSí frá 16. janúar

## 11. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## 12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSí verður haldinn 27. febrúar nk. kl. 16:00.

## 13. Önnur mál

### Hjólað í vinnuna

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að vefur verkefnis ÍSí, Hjólað í vinnuna, hefði hlotið tilnefningu til Íslensku vefverðlaunanna í flokknum „Besti non-profit vefurinn“. Úrslit verða tilkynnt 31. janúar nk.

### Lífshlaupið

Forseti minnti fundarmenn á þátttöku í Lífshlaupinu en vinnustaða- og grunnskólakeppni er í gangi frá 5.-23. febrúar nk. Einstaklingskeppni Lífshlaupsins er opin allt árið um kring.

### Móttaka í Sendiráði Rússlands

Sendiráð Rússlands býður til móttöku kl. 17 í húsnæði sendiráðsins við Garðastræti. Þar verður íslenski Ólympíuhópurinn kynntur fyrir fjölmiðlum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari